

Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

Kennsluáætlun



Námsgrein: enska

Bekkur/hópur: 5.bekkur

Kennari: Margrét Hrönn Björnsdóttir

Tímabil: haustönn 2023 – vorönn 2024.

Hæfniviðmið:

Hlustun, að nemandi geti:

- skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi þegar talað er skýrt
- skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum
- fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni

Lesskilningur, að nemandi geti:

- lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs um efni sem tengist þekktum aðstæðum og áhugamálum
- fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu
- lesið sér til gagns og gamans stuttar, einfaldar bækur og fræðsluefni fyrir börn og unglinga og rætt efni þeirra með stuðningi kennara eða skólasystkina

Samskipti, að nemandi geti:

- haldið uppi einföldum samræðum með stuðningi frá viðmælanda með eðlilegum framburði og áherslum á lykilorðaforða og kann að beita algengustu kurteisisvenjum
- spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst
- tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar

Frásögn, að nemandi geti:

- í einföldu máli sagt frá og notað lykilorðaforða sem unnið hefur verið með í viðfangsefnum námsins og beitt eðlilegum framburði og áherslum
- flutt atriði, sagt stutta sögu eða lesið upp eigin texta sem hann hefur haft tækifæri til að æfa

Ritun, að nemandi geti:

- skrifað texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við með stuðningi frá mynd, hlut eða gátlista
- skrifað einföld skilaboð, smáskilaboð og tölvupóst,
- samið stuttan texta frá eigin brjósti með stuðningi mynda, hluta, tónlistar o.s.frv.

Menningarläsi, að nemandi geti:

- sýnt fram á að hann kann skil á ýmsum þáttum sem snúa að daglegu lífi, s.s. fjölskyldu, skóla, frítíma og hátíðum og áttað sig á hvað er líkt eða ólíkt því sem tíðkast í hans eigin menningu
- sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.

Námshæfni, að nemandi geti:

- beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki
- tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja
- beitt sjálfsmati sem tengist viðfangsefnum námsins með stuðningi kennara eftir því sem þörf krefur,

Helstu námsbækur og gögn:

- Yes we can Textbook
- Yes we can Workbook
- Yes we can vefsvæði
- Enskar málfræðiæfingar A
- Tic tac toe
- Hickory, Dickory, Dock.
- britishcouncil.org/learnenglishkids (vefsvæði)

Námsmat:

Verkefni og vinna tengd hæfniviðmiðum metin jafnt og þétt yfir skólaárið.

Leiðsagnarmat þar sem nemandi fær stöðuga endurgjöf um nám sitt ásamt ábendingum um það hvernig hann geti bætt sig.

Frammistöðumat þar sem könnuð er hæfni nemenda til að beita þekkingu sinni og leikni.

Einkunn er gefin sem umsögn og/eða bókstafur um áramót og í lok skólaárs.

Lykilhæfni: sjá má lykilhæfni sem metin er á heimasíðu Grunnskóla Húnaþings vestra

<https://grunnskoli.hunathing.is/static/files/lykilhaefni-vidmid-bara-toflur-.docx.pdf>

Yfirferðaráætlun:

ágúst - september:

Yes we can kafli 1 - What's your sport?

Nýtt skólaár hefst með kynningu á mismunandi íþróttagreinum. Ætlunin er að nemendur geti sagt frá eigin íþróttáhuga og annarra í fjölskyldunni. Fjallað er um ólympíuleika fatlaðra og kaflanum líkur með því að nemendur gera myndband um eigin áhugamál. Málfræðiáherslur kaflans snúa að notkun sagnorða í nútíð.

Enskar málfræðiæfingar kaflar 1 og 2.

október:

Yes we can kafli 2 - Wizards and witches.

Í þessum kafla eru textar um nornir og galdrakarla helstu viðfangsefni. Hrekkjavaka kemur einnig fyrir. Nemendur eiga m.a. að búa til boðskort fyrir hrekkjavökuþing og fá hugmyndir að mat og drykkjum sem passa við tilefnið. Samtímis er unnið með æfingaorð kaflans og setningagerðir munnlega í ýmis konar verkefnum. Nemendur vinna meðal annars með ljóð og æfa framburð og framburðaráherslur. Málfræðiáherslur kaflans eru á notkun persónufornafna.

Enskar málfræðiæfingar kafli 3.

nóvember:

Yes we can kafli 3 - A trip to London.

London er viðfangsefni þessa kafla. Við fylgjum Amalia sem ætlar í helgarfrí til London ásamt bróður sínum. Þau ætla í leikhús ásamt því að skoða nokkur af þekktustu kennileitum borgarinnar. Nemendur vinna með mismunandi tegundir texta; samtöl, fræðitexta, ljóð og söngtexta. Í lok kaflans gefst tækifæri til þess að leita að frekari upplýsingum um áhugaverða staði í London og skrifa eigin fræðitexta.

Málfræðiáherslur kaflans eru á notkun forsetninga.

Enskar málfræðiæfingar kafli 4.

desember:

Jólaverkefni og annað skemmtiefni.

janúar:

Yes we can kafli 4 - Wild animals.

Hér höldum við áfram þar sem frá var horfið í kafla 3, nefnilega í London, þar sem Amalia og Liam ætla að heimsækja Whipsade Zoo dýragarðinn. Við lesum um ýmsar dýrategundir í sem finnast þar og hvað felst í því að vera „Junior keeper for a day“. Í framhaldi af því koma textar og verkefni sem varpa ljósi á dýr í útrýmingahættu og regnskóga Ameríku. Í því samhengi eru samtökin WWF kynnt til sögunnar. Í lok kaflans er sagan um How the Zebra Got His Stripes lesin. Málfræðiáherslur kaflans eru á notkun eignarfornafna.

Enskar málfræðiæfingar kaflar 5 og 6.

febrúar:

Yes we can kafli 5 - My passion.

Kaflinn hefst á samtali milli Amelia og tveggja vina hennar. Þau ætla að heimsækja The Roald Dahl Museum, og ætla að setja upp leiksýninguna The Magic Finger. Talið berst að hæfileikum hvers og eins, sem er einmitt útgangspunktur kaflans. Áður hefur verið unnið með íþróttaiðkun nemenda en að þessu sinni er áherslan á annars konar áhugamál og hæfileika. Lesin eru ljóð, brot úr bókinni The Magic Finger eftir Roald Dahl, kynning á listamanni frá Kenya og texti um Roald Dahl safnið. Málfræðiáherslur kaflans eru á sagnorð í lýsingarhætti nútíðar.

Enskar málfræðiæfingar kaflar 7 og 8.

mars:

Yes we can kafli 6 - Collectors.

Í þessum kafla beinum við athyglinni að landkönnuðum og söfnurum. Í fyrstu er unnið með textann Let's look back, þar sem Jack, sem við þekkjum úr fyrri köflum, segir frá langa-langafa sínum sem var landkönnuður. Lesinn er stuttur fræðitexti um landkönnuðinn Robert Falcon Scott, og við kynnumst Amelia Earhart og Neil Armstrong. Í lok kaflans er fjallað um mismunandi hluti sem fólk safnar. Nemendur taka viðtöl við fjölskyldumeðlimi og kynna sér hverju þeir safna, eða hafa safnað. Málfræðiáherslur kaflans eru á notkun þátíðar.

Enskar málfræðiæfingar kafli 9.

apríl:

Yes we can kafli 7 - Save the oceans.

Í síðasta kafla bókanna ferðast Amelia og Jack til Galway Beach, þar sem þau kynna sér eitt og annað um heimshöfn og mengun. Nemendur ræða um hvað þau gera venjulega í fjörunni og fræðast um nokkrar tegundir fiska í Fantastic fish facts. Unnið er með uppskrift að fiskinöggum og kynningu á samtökunum 4Ocean, sem berjast gegn mengun sjávar. Nemendur eru hvattir til að vera meðvitaðir um notkun á plastumbúðum og að leggja sitt af mörkum í verkefnið Take 3 for the Sea, með því að týna 3 plasthluti næst þegar þeir eru í fjöru. Málfræðiáherslur kaflans eru á notkun these og those

Enskar málfræðiæfingar kafli 10.

maí: Ýmis verkefni

